

23

22. apríl

2. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 500.000 krónum. Bæði sá, sem selur eða lofar að selja vörur þær, sem greindar eru í 1. gr. og á þann hátt, er þar greinir, og sá, sem kaupir eða lofar að kaupa þær, skal sekur talinn við ákvæði þessarar reglugjörðar. Hið selda eða umsamda er að veði fyrir sektunum.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Áður en dómari úrskurðar sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. apríl 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson

24

22. apríl

Auglýsing.

Í sambandi við reglugjörð þá um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins, sem gefin hefir verið út í dag, auglýsist hjer með, að landsstjórnin vegna landssjóðs getur ekki tekið neina ábyrgð á afleiðingum af ráðstöfunum eða sölu-samningum manna á milli hjer á landi um íslenskar afurðir til útflutnings, sem framleiddar hafa verið eða framleiddar verða á yfirstandandi ári.

Í stjórnarráði Íslands, 22. apríl 1918.

Sigurður Jónsson

Oddur Hermannsson.